

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1995 vegna tekna á árinu 1994.

## 4. gr.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Við gildistöku laga þessara skal skattstjóri endurákværða tekjuskatt sölufélags og framleiðslufélags vegna tekna ársins 1993 samkvæmt lögum nr. 80/1966 og skal skatthlutfall við þá endurákvörðun vera 36%. Endurgreiða skal félögunum þann mismun sem kann að myndast við þessa endurákvörðun frá álagningu tekjuskatts félaganna á árinu 1994 vegna tekna ársins 1993.

*Gjört í Reykjavík, 6. mars 1995.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Sighvatur Björgvinsson.*

**LÖG**

**um að fella úr gildi lög nr. 102 28. desember 1961, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Lög nr. 102 28. desember 1961, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, eru felld úr gildi.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 6. mars 1995.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Sighvatur Björgvinsson.*